

Ítarefni með yfirlýsingu
23. febrúar 2005

Staðreyndir um innleiðingu Cabas-tjónamatskerfisins

- Vátryggingafélögin höfðu á tímabilinu 2000-2001 með sér samstarf um undirbúning að því að innleiða alþjóðlega viðurkennt kerfi til að meta tjón á ökutækjum af völdum umferðarslysa, sk. Cabas-kerfi.
- Cabas-kerfið var þróað af sænsku verkfræðifyrirtæki og hefur verið tekið upp í meira en fjórum löndum.
- Markmiðið með upptöku kerfisins var að gera kostnað gegnsærri en áður hafði verið, stuðla að bættri þjónustu viðgerðarverkstæða og aukinni samkeppni milli þeirra, sem koma myndi öllum neytendum til góða.
- Samkeppnisstofnun var hlynnt upptöku kerfisins og taldi það samræmast markmiðum samkeppnislaga.
- Samstarf vátryggingafélaganna um innleiðingu Cabas-kerfisins snerist um sameiginlega hagsmuni félaganna og þeirra verkstæða sem annast viðgerðarþjónustu fyrir þau.
- Samstarfið snerist ekki um verð þjónustunnar, einungis um leiðir til að auðvelda verkstæðunum að taka upp hið nýja kerfi og tryggja að þau bæru ekki skarðan hlut frá borði eftir upptöku þess.
- Að jafnaði áætlað Cabas-kerfið færri vinnustundir að baki hverju verki en gert var samkvæmt eldra matskerfi. Meta þurfti hlutfallslega þörf fyrir hækkun tímagjalds hjá verkstæðunum til að þau væru jafnsett fyrir og eftir upptöku kerfisins.
- Ávallt lá fyrir að hvert og eitt vátryggingafélag þyrfti að semja sjálfstætt um verð þjónustunnar eftir að mati á hlutfallslegri hækkunarþörf væri lokið.
- Sjóvá hefur samið um mismunandi verð við mismunandi verkstæði.